

Ed.

332. Frumvarp

til laga um fólksráðningar.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Landsstjórninni heimilast að setja fólksráðningarstofu í Reykjavík, eftir samráði við Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands, til fyrirgreiðslu vinnuviðskiftum í landinu. Laun forstöðumanns ákveður landsstjórnin.

2. gr.

Hver sá, sem verkafólks er vant, getur snúið sjer til hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar, og þær síðan til fólksráðningarstofunnar, með fyrirspurnir og boð í verkafólk. Sömu leið getur sá farið, sem vinnukraft hefir að bjóða. Samningur, sem sveitarstjórn eða bæjarstjórn gerir samkvæmt fram komnum tilmælum vinnuveitanda og vinnuþiggjanda við fólksráðningarstofuna, er bindandi fyrir hlutaðeigandi einstaklinga.

3. gr.

Nú er vinnufært fólk atvinnulaust og verður eigi ráðið til vinnu af fólksráðningarstofunni, nje með frjálsum samningum á annan hátt, eða gengur iðjulaust, og veitist þá bæjar- og sveitarstjórnnum vald til að ráðstafa fólki þessu í vistir, þótt eigi hafi það leitað sveitarstyrks.

4. gr.

Nú getur bæjar- eða sveitarstjórn eigi ráðstafað fólkinu samkvæmt 3. gr. og mjög iskyggilegar horfur eru um bjargræði. Skal hún þá safna ítarlegum skýrslum um ástandið, og getur að því búnu snúið sjer til landsstjórnarinnar — um leið og hún sendir skýrslu þessa — um aðstoð til þess að ráðstafa fólkinu. Hefir landsstjórnin þá vald til að skipa fyrir um flutning á slíku fólki til annara staða, ef þar er atvinnu að fá því til framfæris, og skipa því þar í vistir.

Nú gerir bæjar- eða sveitarstjórn engar eða ófullnægjandi ráðstafanir á atvinnulausu fólki og leitar eigi heldur aðstoðar landsstjórnar, og hefir þá landsstjórnin, að undangenginni aðvörun, sama vald til að ráðstafa því og áður ræðir um í þessari grein.

5. gr.

Landsstjórninni er heimilt að setja verkafólki, er ferðast með skipum, lægri fargjaldstaxta en hinn vanalega. Fargjald fólks, sem ráðstafað er samkvæmt 4. gr., greiðir landssjóður að öllu leyti.

6. gr.

Hver sá, sem ráðstafað er til vistar af landsstjórninni, skal skoðaður af lækni og hafa frá honum vottorð um að vera ekki haldinn næmum sjúkdómi.

7. gr.

Nú óhlýðnast maður ráðstöfunum þeim, sem gerðar verða samkvæmt heimild 3. og 4. gr., og má þá kæra hann fyrir bæjarfógeta eða sýslumanni, er heldur honum til hlýðni, ef þörf gerist með sektum eða fangelsi, eflir málavöxum. Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og standa meðan brún nauðsyn krefur, að dómi stjórnarinnar, og má hún fella þau úr gildi með auglýsingu.